

Rosi var þreytt á því að finnast hún ekki passa í hópinn.



Bæn Rosi

Lucy Stevenson Ewell
(Byggt á sannri sögu)

Rosi henti bakpoka sínum á gólfíð. Hún hafði nýlokið öðrum degi í nýja bekknum sínum. Dagurinn hafði ekki verið góður.

„Hvað er að?“ spurði mamma.

Rosi henti sér á sófann. „Sumir krakkarnir í bekknum sögðu ljóta hluti við mig,“ sagði hún. „Um brúnleita húð mína.“

Það voru ekki margir í skól-
anum sem voru með sama
húðlit og Rosi, svo henni fannst
hún ekki passa inn í hópinn.
Stríðnin lét henni líða hundrað
sinnum verr.

Mamma var áhyggjufull. „Mér
þykir það leitt,“ sagði hún. Hún
faðmaði Rosi að sér. „Ég skal tala
við kennara þinn um þetta.“

Næsta skóladag var Rosi samt strítt
aftur. Einn drengur í bekk hennar var
leiðinlegur við hana allan daginn.

Rosi var döpur. Hún var samt
líka reið. Stundum þegar hann var
dónalegur við hana, reifst Rosi við
hann til baka. Það hjálpaði henni
samt ekki að líða betur.

Dag einn þegar Rosi kom heim
úr skólanum, hljóp hún beint inn í

herbergi sitt. Hún var orðin þreytt
á að vera strítt. Hún var þreytt á
því að finnast hún ekki passa í
hópinn. Hún setti andlit sitt í kodd-
ann og grét.

Hvað á ég að gera? hugsaði hún.
Hana langaði ekki að líða svona
það sem eftir var skólaársins.

Rosi þurrkaði sér um augun.
Hún leit þá upp á litla stytta af
Jesú sem var á bókahillu hennar.
Mamma hafði gefið Rosi hana til
að hjálpa henni að minnast Jesú.

Kannski ætti ég að biðja, hugs-
aði hún. Hún fór niður á hnén og
krosslagði handleggja sína.

„Kæri himneski faðir, mér líður
virkilega illa hið innra. Bekkjarfé-
lagar mínir eru vondir við mig út

af brúnni húð minni og mér líður
illa vegna þess. Viltu hjálpa mér.“

Það var góð tilfinning að segja
himneskum föður frá tilfinning-
um sínum. Hún vissi að hann
hlustaði. Hún skynjaði hlýju og
elsku, eins og mjúku teppi væri
vafið utan um hana. Henni fannst
húð sín vera falleg. Hún var barn
Guðs og hann elskaði hana.

Þegar Rosi lauk bæn sinni
fékk hún hugmynd. Kannski gat
hún gert meira til að hjálpa í
skólanum sínum.

Í næstu viku, töluðu Rosi og
mamma hennar við ráðamenn
skólans um það sem var að
gerast í bekk hennar. Rosi var
vakandi fyrir hinum börnunum í
skólanum sem verið var að stríða
og varð vinur þeirra. Hún reyndi
að hunsu drenginn sem stríddi
henni. Í kirkju á sunnudeginum
gaf hún vitnisburð sinn um að
himneskur faðir elskaði *alla*.

Ástandið í skólanum lagaðist
ekki strax. Þegar það var erfitt,
mundi Rosi eftir því hvernig
henni hafði liðið í bæn sinni.
Hún var barn Guðs og hún var
elskuð. Vegna þess að hún vissi
það, gat hún gert hvað sem er. ●



MYNDSKRETTING: SHAWNA J. C. TENNEY



ÁBENDINGAR ROSI TIL AÐ UPPRÆTA KYNÞÁTTAFORDÓMA

KYNÞÁTTAFORDÓMAR er það
þegar fólk fær óréttláta meðferð
vegna húðlitar eða bakgrunns.
Þetta getið þið gert:

- Hafði hugfast að þið eruð
barn Guðs.
- Komið fram við alla af kær-
leika, góðvild og virðingu.
Minnist þess að þeir eru börn
Guðs.
- Ef þið verðið fyrir einelti eða
þið sjáið einhvern verða fyrir
einelti, talið við fullorðinn
einstakling. Standið upp fyrir
ykkur sjálf, en ekki bregðast
við með sömu óvildinni sem
ykkur var sýnd.
- Miðlið öðrum eigin reynslu.
Hjálpnið þeim að sjá að þeir
eru ekki einir.
- Standið upp fyrir aðra sem fá
ósanngjarna meðferð. Verið
vinir þeirra.